

## Landnám brandandar á Melrakkaslétu

*Brandönd er nýleg viðbót við íslensku fuglafánuna en hún varp hér fyrst sumarið 1990. Hér eru teknar saman athuganir frá Melrakkaslétu, þar sem varp hófst árið 1999, og landnám tegundarinnar á þeim slóðum rakið. Sumarið 2009 fundust 12 pör á Melrakkaslétu á varptímanum.*

### Inngangur

Brandönd *Tadorna tadorna* er fremur stór, litskrúðugur fugl af andaætt (1. mynd). Í vestanverðri Evrópu er tegundin á strandsvæðum frá N-Noregi suður til Miðjarðarhafs. Evrópski stofninn telur innan við 65.000 pör og fjölgaði í honum á árunum eftir síðari heimsstyrjöld fram til 1990 (BirdLife International 2004). Fyrsta staðfesta varp brandandar á Íslandi var í kjölfar þessarar fjölgunar þegar brandandarpar kom upp ungum að Gásam í Eyjafirði sumarið 1990 (Þórir Snorrason 1992). Í framhaldinu hófst varp í Borgarfirði þar sem eitt par varp sumarið 1992 (Gunnlaugur Práinsson o.fl. 1994). Þar með var grunnurinn lagður að landnámi brandandar á Íslandi. Stofninn hefur vaxið jafnt og þétt og jafnframt dreifst víðar um landið. Meginvarpið er þó enn að finna í Borgarfirði þar sem sjá mátti yfir 665 brandendur síðsumars 2009 (Yann Kolbeinsson & Gunnlaugur Pétursson 2013).

Hér verður ekki farið nánar í landnámssögu tegundarinnar en skyggst í sögu brandandar á Melrakkaslétu í N-Þingeyjarsýslu. Það var ekki fyrr en 1999 sem brandönd sást í fyrsta skipti á Melrakkaslétu. Um var að ræða þar við Kílsnes og öllum að óvörum reyndist það vera í varpi. Það sást tvisvar sinnum með unga um sumarið, þann 2. júlí (með 8 unga) og aftur 26. júlí (með 7 unga).


Brandöndin er algjör farfugl á svæðinu en hefur þó reynt vetursetu tvisvar; ein sást við Ásmundarstaði í nóvember 2000 (til 29. nóv.) og veturinn 2009 til 2010 héldu tvær til á Neslóni (sáust síðast 17. jan.).

### Athugunarsvæði og aðferðir

Svæðið sem um ræðir er strandsvæði Melrakkaslétu, frá Leirhafnartanga í vestri austur á Raufarhöfn (2. mynd). Það liggur á rúmlega 66. breiddargráðu og er því



1. mynd. Hópur brandanda á hraundrangi 9. maí 2009. Steggirnir (3) þekkja á skærrauðum goggi og hnúð en búklitir eru einnig skýrari og dekkri en á kollunum. – A flock of Common Shelducks, the drakes (3) are separated from the females by their bright red bill and knob and more contrasting body features. – Sigurjón Einarsson.




2. mynd. Athugunarsvæðið á Melrakkaslétta. Mörk þess í vestri og austri eru sýnd með rauðum strikum. Fjarlægðin milli vestasta og austasta nesses er rúmlega 30 km. Rauðir punktar sýna staði þar sem brandendur hafa fundist með hreiður og/eða unga á árunum 1999 til 2009. – The study area at Melrakkaslétta, delimited in the West and East by red lines. The distance between the outermost points is approx. 30 km. Red dots show sites where Shelducks have been found with nests and/or young in 1999 to 2009.


nyrsta varpsvæði brandanda utan Noregs en þar teygir útbreiðslan sig norður fyrir 70. breiddargráðu (Strann 1991).

Við vinnslu þessarar samantektar var stuðst við upplýsingar úr skýrslum um sjaldséða fugla hér á landi, sem birtar eru í Blika, auk óbirtra athugana höfunda. Markviss vöktun á brandandarvarpi hófst ekki á svæðinu fyrr en árið 2007. Það veldur því að upplýsingar frá því fyrir 2007 eru gloppóttar og gefa því ekki endilega raunverulega mynd af breytingum á fjölda brandanda. Sumrin 2007, 2008 og 2009 voru flest álitleg varpsvæði könnuð a.m.k. einu sinni á ungatíma, í júlí. Víðast hvar sjást sjávarlónin og vötnin sem fuglarnir verpa við frá vegum og slóðum, með aðstoð sjóntækja, en sums staðar var gengið um svæðin til að leita að öndunum. Fuglar voru kyngreindir eins og aðstæður leyfðu og ófleygir ungar, eða ungfuglar, sérstaklega aðgreindir við skráningu.

Í samantektum um heildarfjölda fugla og fjölda svæða sem fuglar sjást á er miðað við tímabilið 15. maí til 15. ágúst. Utan þess tíma geta fuglar enn verið á ferðinni til og frá varpstöðvum og því skekkt heildarmyndina. Vissulega getur tilfærsla enn átt sér stað á fyrrgreindu tímabili en gert er ráð fyrir að fuglar sem sjást eftir miðjan maí stefni að sumardvöl á Melrakkaslétta, hvort sem þeir reyna við varp eður ei. Þegar stakar kollur sjást með unga án þess að þar hafi sést fyrr á varptímanum, er gert ráð fyrir stegg í heildarfjölda fugla. Þá er ungasfjöldi sem notaður er í útreikningum miðaður við síðustu athugun. Á því er ein undantekning. Í samantekt um fjölda unga árið 2007 er miðað við 29 unga sem sáust á einum varpstað 12. júlí en ekki þá 25 unga sem fundust á sama stað fimm dögum síðar. Ekki er ólíklegt að nokkrir hafi yfirsést í seinni



3. mynd. Fjöldi fullorðinna brandanda (punktar), unga (hringir) og staða (þríhyrningar) sem fullorðnir fuglar sáust á (óháð ungum) tímabilið 15. maí til 15. ágúst. – Number of adult Shelducks (dots), young (circles) and sites where adult birds were seen, with or without young, from 15 May to 15 August (triangles).




4. mynd. Meðalstærð unгахópa með 95% öryggismörkum. – Mean brood size with 95% confidence limits.

yfirferð og því er miðað við fjöldann 12. júlí. Athuganir Eiríks Þorsteinssonar benda til að fjölskyldurnar hafi verið þrjár á þeim stað. Fjöldanum, 29 ungum, er því deilt í þrennt vegna útreikninga á meðalstærð unгахópa.

Fylgst hefur verið með komu farfugla við Öxarfjörð og á Melrakkaslétta, m.a. brandanda, með reglubundnum hætti frá árinu 2001 og eru breytingar á komutíma tegundarinnar sýndar í myndrænu formi.

### Niðurstöður

Frá árinu 1999 hefur brandanda orðið vart árlega á Melrakkaslétta og er talið fullvíst að þær hafi orpið á hverju ári þó takmarkaðar upplýsingar séu um það árin 2001, 2003 og 2006. Athuganir Eiríks Þorsteinssonar meindýraeyðis benda þó til að varp hafi átt sér stað þessi þrjú fyrrgreindu ár, án nánari upplýsinga um fjölda para eða unga.



5. mynd. Komutími fyrstu brandanda að vori á Melrakkaslétta árin 2001-2009. – Date of first spring observation (dd.mm) of Shelducks at Melrakkaslétta in the years 2001-2009.

Á árunum 1999 til 2009 fundust brandendur með ófleyga unga á tíu svæðum og á einum stað að auki fannst hreiður (2. mynd). Varpstöðum hefur fjölgað jafnt og þétt á tímabilinu, en sumarið 2009 fundust sjö brandandarfjölskyldur á sex stöðum. Talsverðar breytingar hafa orðið á fjölda fullorðinna brandanda (þ.m.t. hugsanlegra geldfugla), unga og fjölda svæða sem fuglar sáust á frá 15. maí til 15. ágúst ár hvert á athugunarsvæðinu (3. mynd). Þó svo að athuganir næstu árin fyrir 2007 séu mjög takmarkaðar virðist veruleg fjölgun hafa átt sér stað frá og með árinu 2007. Athuganir fyrstu árin benda þó einnig til að stofninn hafi verið á hægri en öruggri uppleið til ársins 2006.

Meðalstærð unгахópa sem sést hafa á tímabilinu er 6,4 ungar en breytileiki er talsverður á milli ára (4. mynd). Aðeins sást einn unгахópur fyrstu tvö árin, 1999-2000, en fjöldi unгахópa hin árin er sem hér segir; tveir 2002 og 2004, þrír 2005, sex 2007, átta 2008 og sjö 2009. Frá 1999 til ársins 2009 höfðu að lágmarki 186 brandandarungar sést á svæðinu. Komutími brandanda hefur færst fram eftir því sem stofninn hefur stækkað (5. mynd).

## Niðurlag

EKKI er ólíklegt að fjölgun brandanda í Evrópu hafi í þessu tilfalli skilað nýjum varpfugli til Íslands. Með vaxandi stofni í Evrópu hafa gjöful varpsvæði metlast og fuglar því þurft að leggjast í flakk í leit að nýjum, ónýttum varpstöðvum. Athuganir frá Melrakkaslétta benda til að tegundin uni sér vel á þeim slóðum. Frá því að fyrsta parið hóf varp á Melrakkaslétta sumarið 1999 hefur brandönd fjölgað allt fram til dagsins í dag en talningar sumarið 2009 benda til að a.m.k. 12 þör hafi verið á svæðinu, þó þau hafi líklega ekki öll orpið. Hluti þeirra gat verið geldþör að kanna álitlega varpstaði. Breytingar á komutíma fyrstu fugla skýrast líklega af fjölgun þeirra og samkeppni um varpstaði en aukin reynsla og þekking athugenda gæti einnig haft sitt að segja. Rétt er að benda á að tegundin er alfriðuð á Íslandi en engu að

síður hafa nokkrir fuglar verið skotnir að tilefnislausu á Melrakkaslétta og við Öxarfjörð.

Varp virðist ganga vel þar sem meðalstærð unгахópa síðsumars er um og yfir fimm ungar. Þó mætti kanna betur þessa hlið varpsins með því að fylgjast með afföllum þann tíma sem ungararnir eru ófleygir. Einnig er orðið tímabært að kanna með skipulögðum hætti heildarútbreiðslu og stofnstærð íslenska brandandarstofnsins, sem virðist gera það gott þar sem brandendur hafa fundist verpaði.

## HEIMILDIR

- BirdLife International 2004. Birds in Europe: population estimates, trends and conservation status. – Cambridge, UK: BirdLife International. (BirdLife Conservation Series No. 12).  
 Gunnlaugur Þráinsson, Gunnlaugur Pétursson & Erling Ólafsson 1994. Sjaldgæfir fuglar á Íslandi 1992. – Bliki 14: 17-48.  
 Strann, K.-B. 1991. The status of breeding Shelducks *Tadorna tadorna* in North Norway. – Fauna norv. Ser. C, Cinclus 14: 1-5.  
 Yann Kolbeinsson & Gunnlaugur Pétursson 2013. Sjaldgæfir fuglar á Íslandi 2009. – Bliki 32: 37-56.  
 Þórir Snorrason 1992. Brandendur í Eyjafjarði 1990. – Bliki 12: 9-10.

## SUMMARY

### The colonisation of Common Shelducks in NE-Iceland

The colonisation of Common Shelducks *Tadorna tadorna* in Iceland began in 1990 when a pair raised young in Eyjafjörður, N-Iceland. Recent observations indicate that over 600 birds can be seen in late summer/early autumn at this species' stronghold in Borgarfjörður (W-Iceland) where the first breeding took place in 1992. This paper deals with the colonisation of the species along the North coast of Melrakkaslétta peninsula in NE-Iceland, which lies around 66°N (Fig. 2).

Observations of Shelducks within the study area were gathered from annual reports of rare birds in Iceland, published in Bliki. Unpublished data from the authors were used as well. Only observations made between 15 May and 15 August were used for the analysis. The first sighting for Melrakkaslétta, as well as the first breeding, occurred in 1999 when a pair was seen in late July with seven, nearly month-old young. Since then it appears that Shelducks have bred annually in the area with their numbers increasing slowly but steadily at first, followed by a more sudden increase from 2007 onwards (Fig. 3). Figure 3 also shows the number of unfledged young recorded as well as the total number of sites where adult birds were seen during the breeding period. Breeding, however, did not occur at all those sites as some of the pairs are probably non-breeding prospectors. The mean brood size is 6.4 ducklings (Fig. 4). The number of observed broods per year is as follows; one in 1999-2000, two in 2002 and 2004, three in 2005, six in 2007, eight in 2008 and seven in 2009. Broods were usually counted during the latter half of July, the young probably being around three weeks old by that time. Shelducks are migratory at Melrakkaslétta and the date of the first sighting each spring from 2001 to 2009 has advanced by over one month (Fig. 5). As the population has grown the first arrivals tend to occur earlier in spring.

It appears that the Shelducks are doing well in this northerly and barren breeding area with, ten years after the first breeding, appr. 12 pairs noted there during the breeding period in 2009. Of these, seven were observed with broods at six sites.

Yann Kolbeinsson, Náttúrustofa Norðausturlands, Hafnarstétt 3, 640 Húsavík (yann@nna.is).

Guðmundur Örn Benediktsson, Duggugerði 1, 670 Kópaskeri.

## Tilvitnun:

Yann Kolbeinsson & Guðmundur Örn Benediktsson 2013. Landnám brandandar á Melrakkaslétta. – Bliki 32: 31-33.